

Upplestur og framsögn

Lokahátíð nemenda í 7. bekk



Inngangur - leiðbeiningar

Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni fyrir lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar vorið 2022. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð verða flutt texti úr sögunni ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan eftir Hrund Hlöðversdóttur. Textanum er skipt upp í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi flytjenda á lokahátíðinni. Hæfilegt er að lesarar séu á bilinu 10 - 15.

Umsjónarmaður velur þá leshluta sem henta fjölda lesara á hverjum stað.

8 lesarar nr. 4 - 11
9 lesarar nr. 4 - 12
10 lesarar nr. 4 - 13
12 lesarar nr. 4 - 15
14 lesarar nr. 1 - 14
16 lesarar nr. 1 - 16
18 lesarar nr. 1 -18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn

fyrir lokahátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa.

Í annarri umferð lesa þátttakendur einn ljóðatexta eða hluta úr ljóði eftir Snæbjörn Ragnarsson. Þeir skulu velja einn af þeim tíu ljóðatextum sem eru í þessu hefti og lesa í það minnsta fjögur erindi.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi kynningu á rithöfundum eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnrir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi kynningu á ljóðskáldi keppninnar. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð segir kynnrir í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftur og röðinni fylgt eins og áður.

**Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð,
flytjendur þeirra og röð**

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð:

Texti úr skáldsögunni *ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan*, eftir Hrund Hlöðversdóttur.

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar hér í dag eru að þessu sinni þau Hrund Hlöðversdóttir og Snæbjörn Ragnarsson.

Hrund Hlöðversdóttir fæddist á Akureyri árið 1972. Hún býr og starfar í Eyjafjarðarsveit og er þar skólustjóri Hrafnagilsskóla. Bókin *ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan* kom út í nóvember árið 2021. Þetta er fyrsta skáldsaga höfundar en áður hefur hún skrifað nokkrar námsbækur sem kenndar eru grunnskólum m.a. í trúarbragðafræði og siðfræði.

Sögu svið bókarinnar er undir hraundranga í Öxnadal en þangað flytur Svandís ásamt fjölskyldu sinni frá Reykjavík. Þar kynnist hún systkinunum Brjáni og Sylvíu en hún heldur sambandi við vinkonu sína Láru sem býr í Reykjavík. Ýmislegt dularfullt er á seyði í kringum Svandísi og hún fær skilaboð um verkefni í álfheimum

sem henni er ætlað að leysa. Spennan eykst þegar líður á söguna, Svandís og vinir hennar flækjast inn í átök góðs og ills og þurfa meðal annars að glíma við ógurlegar kynjaskepnur. Sagan byggir á þjóðsagnaarfi Íslendinga og tengir saman tvo heima, raunheima sem við þekkjum öll og hulduheima sem færri þekkja.

Komið er að áramótum og Lára vinkona Svandísar er komin í heimsókn. Svandís fær smám saman frekari upplýsingar um það verkefni sem bíður hennar inni í álfheimum.

Góða skemmtun

1. Leitað svara

Eftir kvöldmat flýtum við okkur að ganga frá. Þar sem ég er komin með samviskubit yfir því að hafa ekki fóðrað Skemmukisa tek ég frá afganga og læt á disk og við Lára skjótumst út í skemmu með matinn. Ég opna dyrnar varlega og á von á því að kisi haldi sig inni í horni eins og vanalega en mér til mikillar undrunar kemur hann mjálmandi á móti okkur og nuddar sér upp við Láru. Steinhissa horfi ég á Láru klappa honum og klóra á bak við eyrun.

„Þessi köttur hefur ekki viljað líta við mér síðan ég byrjaði að gefa honum að borða og nú kemur hann til þín eins og hver annar vel upp alinn heimilisköttur. Ég á nú ekki til orð í eigu minni!“ Lára fer að hlæja.

„Þú veist að ég laða til mín alla ketti. Ég hef átt mína gömlu kisu frá því að ég var lítil og nú hefur önnur bæst við. Ég elska ketti og allt í sambandi við þá.“

„Amma heldur að þetta sé urðarköttur. Þú sérð að hann er mun stærri en venjulegur köttur og er með þessi rauðu augu.“ Lára fer aftur að hlæja.

2.

„Ég er hér enn og samt horfi ég beint í augun á honum. Þú sagðir að maður gæti dáið við að horfa í augun á urðarketti.“ Lára leikur sér að því að horfa beint í rauð augun á kisa sem mjálmar vinalega til hennar.

„Þetta er einmitt það sem ég hugsaði líka. Ég hef margoft horft í augun á þessum ketti en það er samt skrytið hvað Sýlvía var hrædd við hann.“ Ég er ekki að taka það fram við Láru að mér sé líka frekar illa við þennan kött og að hingað til hafi hann eingöngu hvæst á mig. Ég hef oft hugsað um hvort hann sé einn af þeim sem Sýlvía talaði um að væru að njósna um okkur.

„Það eru margir hræddir við ketti, láttu mig þekkja það.“ Lára gerir lítið úr þessu.

„En óvenjulegur er hann svona stór og já, þessi rauðu augu. Þessi köttur er ekki eins og venjuleg heimiliskisa.“

Skemmukisi gerir matnum góð skil. Hann gleypir í sig fiskinn og klárar allt sem við komum með. Eftir að hann hefur klárað leyfir hann Láru að klappa sér og leggst niður við fætur hennar.

3.

Hann malar meira að segja og lygnir aftur augunum. Við sitjum smástund á skemmugólfinu, strjúkum feldinn á kisa og klórum honum á bak við eyrun. Þegar kuldahrollurinn verður óbærilegur stöndum við upp. Kisi stekkur þá frá okkur og hverfur inn í horn þar sem hann er vanur að vera.

Það heyrast skruðningar að utan. Lára hnippir í mig og dregur mig inn í horn. Hún leggur fingur á varir og gefur mér merki um að vera alveg kyrr. Við beygjum okkur á bak við nokkra kassa og slökkvum á vasaljósunum á símunum. Dyrnar opnast með ískri og vasaljósi er beint inn í skemmuna. Hattinn þekki ég og það fer ekki framhjá mér hver er þarna að snuðra. Ég reyni að láta ekkert heyrast í mér en er handviss um að hjartslátturinn heyrast langar leiðir. Vonandi kemur kisi ekki til okkar eða fer að mjálma.

Sveinn gengur um skemmuna með vasaljós á lofti og litast um. Ég held að hann sé ekki að leita að okkur því að hann opnar ruslapoka og gramsar í honum. Tennurnar í mér byrja að glamra. Ég tek með höndunum utan um munninn og hökuna til að stoppa glamrið.

4.

Sveinn er heillengi inni í skemmunni og leitandi opnar hann hvern pokann á fætur öðrum.

Eina hugsunin, sem kemst að hjá mér, er hvenær komi að því að hann lýsi með vasaljósinu á bak við kassana þar sem við felum okkur.

„Svandís og Lára, eruð þið úti?“ Mamma kallar á okkur úr útidyrnum. Sveinn snarstansar og slekkur á vasaljósinu. Hann stendur grafkyrr í nokkra stund en laumast síðan að skemmudyrnum. Þegar hann opnar hurðina gerist svolítið undarlegt. Ég heyri hátt hvæs og niðurbælt óp í Sveini. Skemmukisi hefur stokkið á Svein og læst í hann klónum eða bitið hann. Ég heyri að hann verst á móti og síðan heyri ég dynk þegar kisa er hent inn á gólf. Dynnar lokast ótrúlega hljóðlega og núna ískrar ekkert í lömunum.

Við bíðum í smástund og bröltum síðan fram á gólf. Ég kveiki á vasaljósinu og kíki eftir kisa.

„Heldurðu að það sé í lagi með köttinn?“ Ég spyr Láru af því að hún veit meira um hátterni katta en ég.

5.

„Já, það held ég,“ svarar Lára. „Kötturinn hefur skynjað hræðsluna í okkur og ákveðið að verja okkur.“

„Takk, kisi minn.“ Ég hvísla þetta út í loftið þar sem ég sé ekki hvar hann er. Það er alla vega greinilegt að Skemmukisi er ekki samsnuðrari Sveins. Við Lára laumumst út úr skemmuni, hlaupum upp tröppurnar og inn í forstofu.

„Hvar voruð þið? Ég var orðin hrædd um ykkur.“ Mamma sendir okkur augnaráð en það er nú ekki mikil alvara á bak við það. Það sé ég á brosinu.

„Við skruppum bara í göngutúr, fyrirgefðu að við létum þig ekki vita.“

Við bjóðum góða nótt og förum inn í herbergið mitt.

„Hvað heldurðu að Sveinn hafi verið að gera úti í skemmu?“ Ég er alveg gáttuð á þessum manni. Hann skoðaði í ruslapokana og gramsaði í dótinu eins og hann væri að leita að einhverju.

6.

„Ég sá bara einhverja hreyfingu þegar við vorum á leiðinni út og áttaði mig á því að þetta gæti verið hann.“ Lára er hugsi á svipinn.

„Það er pottþétt að hann er kominn á sporið. Ég held að hann sé að njósna fyrir skuggafólkið og viti af einhverju sem er inni í skemmu. Er ekki brakið af kistunni þar? Kannski veit hann eitthvað um silkipokann. Við skulum alla vega læsa að okkur í nótt.“ Lára er rjóð í framan og röddin er æst. Þegar ég lít í spegilinn sé ég að ég er eins kafrrjóð í framan og hún, bæði af kulda og æsingi.

Ég geng að dyrunum og læsi. Ég er enn loppin á fingrunum og það tekur mig tíma að snúa lyklinum. Við Lára vefjum okkur inn í sængurnar og höldum áfram að velta þessu öllu fyrir okkur. Smám saman slaknar á vöðvunum og mér verður hlýrra.

Þegar ég loka augunum sé ég orðin á lyklinum fyrir mér. Þau sveima fram og aftur og þegar svefninn er í þann mund að sigra mig er eins og einhver falleg, tær rödd syngi þau. *Er gull sáldra op, stóð kletta vé, ljós, söngur, ár koma upphaf, ok, dísar svanur.*

7.

Mér finnst ég aðeins hafa sofið í nokkrar mínútur þegar ég hrekk upp við eitthvert þrusk við dyrnar. Það er niðamyrkur inni en ég teygi mig í símann sem ég lagði á náttborðið og sé að klukkan er rúmlega tvö. Ég beini geislanum frá ljósinu í símanum að hurðinni og sé að hurðarhúninum er ýtt niður. Það er greinilega einhver að reyna að komast inn en sem betur fer læsti ég áður en við Lára fórum að sofa. Ég ýti varlega við Láru og beini ljósinu þannig að hún sér að ég set fingurinn yfir varinar til merkis um að tala ekki. Hún opnar augun og kinkar hljóðlega kolli til að sýna að hún skilji merkið.

Ég læðist að dyrunum, sný lyklinum snögg og svipti hurðinni upp í einum rykk. Það er enginn frammi á gangi en ég heyri brak í tröppu neðst í stiganum. Einhver var að reyna að komast inn í herbergið mitt og sá eini sem mér dettur í hug er Sveinn. Lára kveikir á litlum lampa á skrifborðinu og við setjumst á rúmið mitt.

„Var þetta Sveinn?“ Lára er alvarleg á svipinn og virðist líka svolítið hrædd. „Ég held það en við getum ekki vitað það með vissu.“

8.

Ekki færu mamma og pabbi að laumast burt ef þau þyrftu að tala við okkur um miðja nótt og Arnór vaknar næstum aldrei á næturnar.“

Við Lára sitjum hljóðar. Ég er glaðvöknuð og það verður erfitt að sofna strax aftur eftir spennufallið.

„Svandís, fyrst við erum vakandi, eigum við þá að reyna að skilja betur orðin á lyklinum?“ Lára er þegar staðin á fætur og gengur að skrifborðinu. Hún sest við borðið og byrjar að rýna í skrítnu orðin.

„Jú, við skulum skoða orðin betur.“ Við setjumst við skrifborðið mitt en þar liggja blöðin og stílabókin. Úti er niðamyrkur en út um kvistgluggann minn sjáum við þúsundir stjarna sem skreyta svartan himinflötinn. Lítil rönd af tunglinu sést svona rétt aðeins, til að sýna að það er þarna líka, feimið og óöruggt.

„Svandís, sjáðu.“ Lára er staðin upp og stendur nú við gluggann og horfir út.

„Vááá, hvað þetta er flott.“ Ég geng til hennar og út um gluggann sjáum við norðurljósinn dansa yfir fjallatindunum.

9.

Ég fer að skrifborðinu og slekk á lampanum. Við stöndum langa stund við gluggann og horfum á þessa ótrúlegu fegurð. Norðurljósín bylgjast til og frá, ljósgræn á lit, en dofna síðan og verða þá fölblaik og fjólublá. Þvílíkt og annað eins hef ég aldrei áður séð.

Við stöndum hlið við hlið og horfum á þessa stórkostlegu sýningu og ég hugsa um hversu gott er að eiga vinkonu eins og Láru. Norðurljósín dofna smám saman og síðan springa þau aftur út með þvílíkri ljósadýrð.

Mér verður hugsað til Brjáns sem sér líklega ekki þessa fallegu liti norðurljósanna, lokaður inni hjá skuggafólkinu. Það fer hrollur um mig við tilhugsunina um að vera lokað inni. Ég man aftur tilfinninguna þegar ég lokaðist inni í lyftunni og hvað mér leið illa. Ef ég þyrfti nú að vera innilokað í langan tíma, kannski í mörg ár eins og álfabörnín. Hugsunin skellur á mér eins og norðurljósín sem springa út á svörtum himinpletinum. Þetta hlýtur að vera verkefnið sem bíður mín. Að fara upp í klettaborgirnar og inn í álfheima, finna Brján og koma honum heim.

10.

Hugsunin er svo sterk og ég finn að þetta er einmitt það sem ég á að gera og að þetta er verkefnið mitt.

„Lára, ég veit hvað ég á að gera. Nú hljótum við að skilja betur skilaboðin til mín.“ Við setjumst aftur við skrifborðið og kveikjum ljósið. Síðan höldum við áfram að rýna í textann og öll þessi flóknu og torskildu orð eins og vé, *sáldra* og *ok*. Við flettum upp orðunum einu og einu í senn í orðabók á netinu. Vé getur þýtt bústaður eða helgidómur og *ok* getur þýtt byrði eða þungi. *Sáldra* er að dreifa. Við höldum áfram að hugsa og raða upp orðunum. Þegar við erum búnar að setja orðin upp í allar þær setningar sem mögulega er hægt erum við samt litlu nær.

„Ég held að leiðin sé ekki sú að raða orðunum upp á nýtt í setningar,“ segir Lára. „Kannski táknar hvert stakt orð einhverja hugsun, svona eins og að orðin séu hvert og eitt tákn eða mynd og saman móti þau skilaboð. Svolítið líkt og myndmál í gamla daga.“

11.

Við þurfum kannski að fá að vita eitthvað meira um hvert orð og hvernig það tengist álfheimum.“

„Já, þetta gæti alveg verið rétt hjá þér, Lára.“ Ég lít spennt á Láru. Við störum áfram í orðarununa og reynum að fá botn í merkinguna.

Er gull sáldra ok, stóð kletta vé, ljós, söngur, ár koma upphaf, ok, dísar svanur.

„Við vitum að vé þýðir eða getur þýtt bústaður eða helgidómur.“ Lára talar eins og hún sé að tala við sjálfa sig. „Ár koma og upphaf, það hlýtur að tengjast áramótunum. Ok er eitthvað sem þarf að bera og það er nú líklega dís svananna sem þarf að bera þessa byrðar eða ábyrgð.“ Hún þagnar og lítur upp til mín.

„Svandís, það er alla vega ljóst að þarna stendur að þú takir að þér stórt verkefni og það tengist bústað í klettum. Það þarf að fara fram um áramót. Síðan er eitthvað með að sáldra gulli og síðan kemur fyrir bæði ljós og söngur.“

12.

Maginn í mér herpist saman. Hvernig í ósköpunum á ég að geta tekist á við þetta verkefni? Við Lára horfumst í augu.

„Við gerum þetta saman,“ segir Lára huggandi. „En nú skulum við fara að sofa og reyna að komast til botns í þessu á morgun. Það eru jú bara tveir sólarhringar fram að áramótum og líklega þarf þetta, sem við vitum ekki hvað er, að gerast þá.“

„Já, förum að sofa,“ svara ég. Það er víst best að reyna að sofa á þessu öllu saman. Ég er svo þreytt og innst inni finn ég veika von um að þetta sé kannski allt saman misskilningur og vitleysa og á morgun verði þetta allt einn stór brandari sem við Lára hlæjum að. Mér finnst ég rétt vera búin að loka augunum þegar kallað er á mig.

„Svandís, Svandís!“ Ég heyri rödd kalla á mig innan úr þokunni. Ég sé ekkert nema svarta þokuna fram undan en geng upp brekku þakta mosa og lyngi. „Svandís, komdu hingað.“ Ég geng á hljóðið og er komin upp að klettaborginni við vatnið.

13.

Drífa kemur út úr þokunni, breiðir út faðminn og tekur utan um mig. Hún er sorgmædd og kannski líka svolítið hrædd.

„Svandís, það er komið að þessu og tíminn er að renna út. Það er mikilvægt að þú finnur gullduftið. Það er nauðsynlegt svo að þú getir leyst verkefnið. Leitaðu betur í kistunni góðu. Þú átt vini í álfheimum. Mundu það, Svandís, gleymdu okkur ekki.“

Ég hrekk upp í rúminu. Lára stendur yfir mér.

„Hvað var nú þetta?“ spyr hún. „Þú kallaðir eitthvað óskiljanlegt og byltir þér.“

„Drífa heimsótti mig í draumi,“ svara ég. „Hún talaði um gullduft og að ég þurfi að leita betur að því í kistunni.“

„Hvaða kista er það?“ Lára er spyrjandi á svip og forvitnin leynir sér ekki. Ég hugsa mig um svolitla stund en svara síðan: „Ég er ansi hrædd um að það sé kistan sem fór í rúst þegar ég fann silkipokann. Ég setti spýtnadraslið í pokann með hinu ruslinu úr kaffihúsinu og það er nú örugglega allt komið í endurvinnsluna núna.“

14.

„Vertu nú ekki of viss,“ svarar Lára. „Við finnum út úr þessu á morgun.“ Eftir þessi orð skriður hún niður á dýnuna og snýr sér út í horn. Ég loka augunum og svíf inn í draumlausan svefn.

Skuggafólkið

Úti er snjór yfir öllu og kalt. Þó að komið sé undir hádegi næstsíðasta dag ársins er enn ekki orðið albjart og sólin lágt á lofti. Himinninn er litaður bleikum og rauðum tónum.

Við Lára göngum kappdúðaðar upp í fjall og ferðinni er heitið yfir til Sylvíu. Eftir pælingarnar í gær og atburðina í nótt urðum við sammála um að það væri kominn tími til að heimsækja Sylvíu og freista þess að fá frekari upplýsingar.

Þegar við komum niður í morgunmat brá okkur í brún að sjá Skemmukisa á miðju eldhúsgólfinu. Þarna stóð kisi og úðaði í sig því sem eftir var af fiskafgöngunum sem mamma hafði sett í skál á gólfið.

15.

„Sjáið þennan ræfil sem var úti á tröppum þegar ég leit út í morgun.“ Mamma klappaði kisa.

„Ekkert smáflykki þessi köttur og hann er með rauð augu. Hann var svangur og er greinilega búinn að vera á einhverju flakki.“ Við Lára horfðum hvor á aðra en sögðum ekkert. Þegar kisi var búinn að borða kom hann sér fyrir við fætur Láru. Hann var greinilega búinn að ákveða hverju okkar hann tilheyrir.

Við morgunverðarborðið spurði ég mömmu hvort spýtnabrakið og ruslið frá kaffihúsinu væri enn úti í skemmu. Hún varð hálfskömmustuleg á svipinn þegar hún játti því og sagði að þau hefðu bara ekki haft tíma til að keyra það í endurvinnsluna.

„Ruslið verður eitthvað áfram í skemmuni,“ sagði pabbi ákveðinn en bætti við að stór hluti af því færi reyndar á áramótabrennuna.

16.

Góðu fréttirnar voru sem sagt þær að mögulega væri hægt að finna gullduftið sem Drifa sagði mér frá en það yrði heljarinnar verk að leita að því innan um allt draslið. Spýturnar úr kistunni voru líklega á víð og dreif í fjölmörgum ruslapokum úti í skemmu.

„Við Lára getum borið draslið út úr skemmuni í brennuna.“ Það kom skrýtinn svipur á þabba sem er ekki vanur því að ég bjóðist að fyrra bragði til að hjálpa. En síðan brosti hann bara og kinkaði kolla til okkar Láru. Hann heldur örugglega að Lára hafi þessi góðu áhrif á mig. Hann sagði að við gætum byrjað á verkinu seinni partinn en síðan væri hann búinn að biðja afa að hjálpa sér að klára að setja brennuna upp á morgun.

Sveinn borðaði morgunmatinn snemma og fór út í morgungöngu eins og hann orðaði það. Við Lára þorðum ekki að fara af stað fyrr en við vissum að hann væri kominn aftur svo að hann færi ekki að elta okkur.

17.

Á þessum morgungöngum sínum er hann sísnuðrandi og gæti vel tekið upp á því að elta okkur. Ég vona að kisi hafi náð að klóra hann hressilega í gærkvöldi. Honum var nær að vera að snuðra þetta úti í skemmu. Ég reyndi að kvarta undan Sveini við mömmu og pabba en þau hristu bara hausinn.

„Sveinn er bara einmana, gamall maður,“ sagði mamma.

„Þér þarf ekkert að líka vel við hann en vertu nú samt kurteis,“ sagði pabbi.

Þegar sá gráklæddi var kominn til baka úr göngutúrnum drifum við okkur í vetrarfötin og hlupum út.

Pabbi hljóp á eftir okkur með tvö pör af snjóþrúgum. Hann vissi að við ætluðum yfir til Sylvíu og veit hversu erfitt það getur verið að ganga í djúpum snjó.

18.

Snjóþrúgurnar hjálpa til við gönguna í snjónum og auðvelda okkur ferðina. Ég er svo hrædd um að Sveinn veiti okkur eftirför að ég hleyp næstum því og Lára reynir að halda í við mig. Þegar við erum komnar í hvarf frá húsinu, móðar og mäsandi, hægjum við aðeins á okkur og brátt sjáum við húsið þar sem Sylvía býr.

Það er eins og Sylvía hafi verið að bíða eftir okkur. Um leið og við komum upp að húsinu opnar hún dyrnar og býður okkur inn með tilheyrandi handarhreyfingu. Engin okkar segir orð en við Lára dustum snjóinn af okkur áður en við göngum inn í forstofuna. Þegar við höfum klætt okkur úr útifötunum eltum við Sylvíu upp stigann og inn í herbergið hennar. Við setjumst á rúmið og ég styn upp erindinu þó að ég sé nokkuð viss um að Sylvía viti nú þegar hvert það er.

Önnur umferð:

Ljóðatextar eftir Snæbjörn Ragnarsson

Inngangur kynnis:

Seinna skáld keppinnar í ár er Snæbjörn Ragnarsson. Hann fæddist í Reykjavík 25. janúar árið 1978 en bjó hluta æskuáranna á Húsavík og á Laugum.

Snæbjörn spilar í hljómsveitunum Skálmöld og Ljótu hálfvitunum en hefur einnig verið viðriðinn leikhópin Lottu. Margir muna eftir honum í Eurovision söngvakeppninni þar sem hann kom fram með hljómsveitinni Pollapönk í laginu *Enga fordóma*.

Snæbjörn hefur skrifað á annan tug leikrita sem sett hafa verið upp hingað og þangað, meðal annars í Borgarleikhúsinu, hjá Leikfélagi Akureyrar og af Leikhópnum Lottu. Hann var tilnefndur til Grímuverðlauna fyrir Láp, Skráp og jólaskapið og Bólu Hjálmar árið 2009 og hlaut verðlaunin fyrir seinna verkið.

Hann var einn af fjórum í ritgengi fyrir Ævintýri Stígs og Snæfríðar sem sýnd voru í Stundinni okkar árin 2006-2008. Árið 2016 kom út eftir hann skáldsagan Gerill, og tónlist tengd bókinni. Snæbjörn heldur úti vinsælu hljóðvarpi, Snæbjörn talar við fólk.

Í hljómsveitinni Skálmöld er Snæbjörn bassaleikari, textahöfundur bandsins, laga- og hugmyndasmiður. Hann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2014 sem textahöfundur ársins. Skálmöld hefur komið öllum sínum

útgáfum í gullsölu, spilað með Sinfóníuhljómsveit Íslands og sett upp sýningu með Borgarleikhúsinu.

Lesendur geta nú valið á milli níu ljóðatexta Snæbjarnar við lög sem hljómsveitin Skálmöld hefur gefið út. Einnig má velja að lesa hluta úr ljóðatexta þar sem sum ljóðin eru nokkuð löng. Textarnir tengjast allir Norrænni goðafræði og fjalla um heim goðanna.

Ljóðin eru:

Heima	Óðinn
Sleipnir	Gleipnir
Miðgarðsormur	Að vetri
Með drekum	Miðgarður
Álfheimur	

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar. Til fróðleiks má þess geta að ljóðið, Óðinn, er svokallað sléttuband sem hægt er að lesa aftur á bak og áfram. Síðustu tvær vísurnar í ljóðinu, Álfheimi, eru ortar undir afdráttarhætti sem þýðir að seinni tvær línurnar eru endurtekning á þeim fyrri en fyrsti stafur hvers orðs er fjarlægður.

Góða skemmtun.

Heima

Víkingur á vorkvöldi
vakir yfir ánum.
Fullþroskaðar fífurnar
fellir hann með ljánum.

Baldur heitir bóndinn
sem beitir þarna ljánum.
Friðartímar, falleg nótt,
fjölskyldan hans sefur.
Hæfilega heitan brodd
heimalningnum gefur.

Baldur heitir bóndinn
sem bústnu lambi gefur.

Gleður bæði goð og menn,
gæfan fylgir honum.
Víf hann á sem væðarleg
vakir yfir sonum.

Baldur heitir bóndinn
sem býr að þessum sonum.

Hann á þessa heiðnu jörð:
hæðir, tún og lækir.
Baldur heitir bóndinn sem
bagga sína sækir.

Goðunum þakkar hann góðæristímana langa,
gjöfult er landið frá fjalli og allt út á skaga.
Langsverðið hans hefur lengi fengið að hanga
lóðrétt við síðu því engin er þörf á að draga.

Blikur á lofti og brátt gæti örlagavindur
blásið um sveitirnar hráslagalegur og kaldur.
Við Urðarbrunn Skuld núna örlagahnútana bindur
uggalausum manni og maðurinn sá heitir Baldur.

Óðinn

Loki heitir, Óðinn opni
augu Miðgarðsvætta.
Óki undir, vondu vopni
veldur engra sætta.

Ég er Óðinn, ég er Óðinn,
ég er sá sem les í ljóðin.

Finum duginn, ekki efast,
alltaf sýna gæsku.
Vinnum þegar sorgir sefast,
sjaldan beitum græsku.

Ég er Óðinn, ég er Óðinn,
ég er sá sem les í ljóðin.

Sofa skaltu, aldrei ata
árar sálu tæra.
Lofa Óðin, heimskir hata,
heiðna sinnið næra.

Ég er Óðinn,
ég er sá sem les í ljóðin.

Sleipnir

Reiðskjótinn okkar er reisulegt hross
runninn úr Ásgarði er hann.
Skjannahvítt faxið er skínandi foss.
Hann skeiðar við reiðar.

Áttfættur fákurinn æðir um jörð,
alföður hnarreistur ber hann.
Hermanninn verða þá hæðir og börð
og heiðar, vel greiðar.

Og hann mun mig bera á baki sér
við berumst um vegi sem enginn fer.

Klárinn er þíður og kræfur og stór,
krafturinn tekur fram vonum.
Gáir þó að sér, er gæfur og rór.
Um gjótur er fljótur.

Aldrei hann sligast og engan hann slær,
Sleipnir er nafnið á honum.
Alls enginn fjandmaður sitja hann fær.
Hans fótur er skjótur.

Nú fljúgum við léttir um loftin blá.
hve landið er fagurt og margt að sjá.
Hann viljugur ber mig á baki sér,
við Brynhildur förum hvar enginn fer.

Ríða, rokka, róta, reiða
líða, lokka, ljóta, leiða.
Bíða, brokka, blóta, breiða,
skríða, skokka, skjóta skeiða.

Skeiða, skjóta, skokka, skríða,
Breiða, blóta, brokka, bíða.
Leiða, ljóta, lokka, líða,
reiða, róta, rokka, ríða.

Ríða um slóða og róta hvern metra,
líða með góðum, hið ljóta skal betra.
Bíða uns slotar og blóta við eldinn.
Skríða í hnakk faraskjóta á kveldin.

Skeiða á klárnum og skokka um heima,
breiða út faðminn og brokka og dreyma.
Leiða þá sáru og lokka svo fjendur,
reiða loks stúlku og rokka um lendur.

Gleipnir

Undan Loka Fenrir fæddist
fullur hroka víst var sagt.
Er var þoka þá hann læddist.
Þungbært ok á heiminn lagt.

Nú var gaumur að því gefinn,
greri aumur hvolpur fljótt.
Tíminn naumur, enginn efinn.
Á hann tauminn þyrfti skjótt.

Fyrstan Læðing fengu goðin,
Fenri þræði komu á.
Úlfur skæður, ljótur, loðinn,
leikinn bræði sleit hann þá.

Þegar Drómi Fenri festi
falskan dóm þá úlfur hlaut.
Því með klóm og þrumubresti
þennan fráma fjötur braut.

Kattarins dynur, konunnar skegg.
Kyngi mína á legg.
Bjarnarins sinar, bjargsins rætur.
Bíðum nú í skjóli nætur.
Fuglsins hráki, fisksins andi.
Fyrir dverg er hægur vandi.
Mánuð gekk um margar götur,
mér að launum varð sá fjötur.
Fjöturinn er fjötrum grennri

fágæt, göldrótt dvergasmíð.
Í Lyngva áður lögðu Fenri,
laus hann veldur orrahríð.

Hef í mínum höndum Gleipni,
horfi móti glyrnum tveim.
Treysti á Óðin, Tý og Sleipni:
Tak mig þar og aftur heim.

Sá fjötur er öðrum fjötrum grennri,
fágæt og göldrótt dvergasmíð.
Í Lyngva þeir áður lögðu Fenri,
laus hann nú veldur orrahríð.

Hef í mínum höndum Gleipni,
horfi á móti glyrnum tveim.
Treysti á Óðin, Tý og Sleipni:
Takið mig þar og aftur heim.

Miðgarðsormur

Sjórinn rauður sýður.
Í sortanum hann bíður.
Dagrenning og dauðastormur,
í djúpinu er Miðgarðsormur.

Gakktu út á gróinn núp,
gáðu hvað mun prýða undirdjúp.
Parna yfir sjó og sand
sérðu áfram líða Jörmundgand.

Mæli ég því mikill er,
Miðgarðsormur þræðir lönd og sker.
Hann sem mig skal hitta vill
hörfa þegar blæðir, kjarklíttill.

Renni ég færinu í fyrsta sinni,
festi við þóftu í kænu minni.
Annað sinn kasta, hann ekki bítur,
ósnertri beitunni loks upp skýtur.

Höfuð nautsins Himinhjóðs
Hilmar ormi færir, ei til góðs.
Banvænn sýnist bitinn þó
blóðið Gandsins ærir hugarró.

Fylgja mun þér fegurð, ef
fellir orminn langa, sérhvert skref.
Eiturgusa æta má
ásjónu og vanga, tapi sá.

Þriðja sinn kasta og þá hann tekur,
þóftuna mölvar og bátinn skekur.
Færið skal dregið af fullum krafti,
fátækleg hönd móti ormsins kjafti.

Reipið sker, gatar glófa.
Gegnum fer, særir lófa.
Krókur í kjaftinn rífur,
krækjan því sker sem hnífur.

Áfram þeir berjast báðir,
bræður tveir, þreyttir, þjáðir.
Takast á, tíminn líður,
tengir þá strengjum stríður.

Höfuðið birtist í hafsins róti,
heggur í bátinn og streitist á móti.
Blaðinu sting svo að blóð út stekkur,
bölvandi skepnan í hafrótið sekkur.

Þegar hitti Þór
þá munum við berjast.
Staðfastur og stór
standa mun og verjast.

Agnið beit víst á,
Ásgarður mig svíkur.
Jörmundgandur, já,
ég er sá sem víkur.

Báru klýfur bátur
og bátsmaður er kátur.
Landið tekur, fleyið festir,
þar fljúga yfir nokkrir þrestir.

Aftur skepnan skriður
í skjól og þar hann bíður.
Létti til og lægði storminn
er lagði Hilmar Miðgarðsorminn.

Með drekum

Hátt á vængjum vættur,
veru fylgja herir.
Yfir horfir hafið,
hendast nærri fjendur.
Skríða yfir Skrúðinn
skrælingjar í brælu.
Ljótir á oss leita.
Landið er í vanda.

Barðist fólk á fjöru,
fór á höfðann Þórunn.
Bogi gat ei geigað,
grenja undan frenjur.
Gjalda ógn með eldi,
yfir allt sem lifir.
Hetjur böls og haturs
hrekjast undan dreka.

Um fór, ógnandi stór.
Álengdar stóðu þá Bragi og Þór.
Hart skal mæta hörðu.
Blés þá brandinum sá.
Brunnu þar allir við Sandvíkurá.
Jöfnum þá við jörðu.
Jöfnum þá við jörðu.

Eldraun Auðna þessa þreytti,
Þórunn með sitt sverð og skjöld.
Nóttin til hins betra breytti,
blóðgaði hún drýslafjöld.

Misstum bæði vár og vini,
var það blóðrauð sumarnótt.
Rétt í tungls- og röðulsskini
ráðast kvæði drótt.

Bliksvart blóð,
brennheit glóð.
Stelpan stóð,
stjörf og hljóð.

Þeir komu á skipum, þeir komu úr lofti,
í kraumandi veðri og sjó.
Þúsundum saman með þrumandi öskri
og þefjan sem vit okkar sló.
Vopnlausir flestallir, vargar og skepnur,
sem vilja með kjafti og klóm
rífa þig sundur og ráðast á næsta
með rauðhlaupin augun og tóm.

Blésu þeir eldi á bátana okkar,
við börðumst á móti með heift.
Verk þeirra manna sem ganga á glapstigum
gátum við alls ekki leyft.
Dýrkeyptur sigur en drekar og menn sýndu
duginn sem skilaði þeim
réttinum að geta ráfað að heiman
og ratað á nýjan leik heim.

Að vetri

Vargsgól, vetrarsól,
Vesturland í kringum jól.
Kolsvart, hjarnið hart,
himinhvolfið lýsir okkur stjörnuþjart.
Köld lönd, klakabönd,
klífur fjallið loppin hönd.
Snögg hlær snarpur blær.
Það snjóar, það snjóar, það snjóar.

Við hnjúk, vaðmálsdúk
vefur að sér, dulan mjúk,
hlýtt skinn, hlífir kinn.
Hamast við að komast yfir fjallgarðinn.
Átak, bogið bak,
býr sig undir vopnaskak.
Snögg hlær snarpur blær.
Það snjóar, það snjóar, það snjóar.

Gengur yfir gamalt hraun.
Gista skúta þar á laun,
þeirra mikil þrek- er raun,
útilegumenn.
Horfa eftir henni burt,
héla frystir visna jurt.
Eftir henni aldrei spurt.
Það snjóar, það snjóar.

Snjóar óðum á snjáðan veg,
snögg er Þórunn og vörpuleg.

Snjóar, hvernig sem snýrðu þér,
snarlega yfir fljótið fer.
Snjóar nú yfir sneiðinginn,
sneisafullur er dalurinn.
Snjóar, þótt komi snemma vor,
snörla vitin og vella hor.
Snjóar ákaft Snæfellsnes,
snarpur vindur um andlit blés.
Snjóar, þar sem við snertum Hel,
snjakahvít hennar hugarþel.
Snjóar og hvergi snarkar glóð,
snauðir deyja er frystir blóð.

Gömul kona, grá og hokin,
gengur ein í kafaldsbyl.
Hárið sýlt og hettan fokin,
hún kom níður Stekkjargil.
Gengur sér til gagns og hita,
gamlir fætur virðast strita.
Ferðir hennar fæstir vita.

Það snjóar!

Hennar siður, Friggjarfriður,
fótaskriður rennir niður.
Brakar viður, stafur styður.
Stíginn ryður, gæfusmiður.
Þórunn biður Lofn um lið.

Álfheimur

Úti blæs og fjörður frýs,
fimbulvetur ræður.
Yfir vakir álfadís,
inni loga glæður.

Varúlfs heyrist vígagól,
vargurinn er óður.
Álfabarn í krömum kjól,
kúrir sig hjá móður.

Hrynja og skjálfa gljúfragil,
grýta þig bjálfar magrir.
Heima þeir sjálfir halda til,
hér sofa álfar fagrir.

Þrumuguðinn skóginn skók,
skjól er Óðinn lofum.
Lesum við á lærða bók,
leggjumst þar og sofum.

Álfabörn í hárrí höll,
heyrist enginn grátur.
Ráfa úti risar, tröll.
Ráðast álfagátur.

Kvöldin brenna kaldar senn,
kálfins spenna græðir.
Völdin renna aldar enn.
Álfins penna ræðir.

Hlýja greiðir hálf leið,
harma- sneiðir kveinið.
Lýja reiðir álfa eið,
arma neyðir veinið.

Miðgarður

Manstu hvað gerðist í Miðgarði þá?

Ég sá, ég sá.

Margt fyrir löngu var búið til lag,

ljóðið svo skrautlega skrifað.

Hetju sem barðist við vængjaða vá?

Ég sá, ég sá.

Baldur sem barðist af drengskap þann dag,

dó svo að við gætum lifað.

Vafrandi enn um hrollkalt hraun,

hrakin sig glennir vofa.

Hitinn frá brennu huggar raun,

hér sofa menn í kofa.

Kvöld úr norðri, kalt í hlíðum,

knýr að dyrum myrkrið svart.

Þolinmóð við þannig bíðum

þess að verði aftur bjart.

Traustur máttur rétttra rúna

róar geð er vindur hvín.

Sorgir allar sefast núna,

sofðu, unga ástin mín.